



Hrunamannahreppur.

Sími 480 6600, Fax 480 6606, netfang; hruni@fludir.is, heimasíða www.fludir.is

Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi árið 2021

Reglur um afslátt af fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega í sveitarfélaginu Hrunamannahreppi.

1.gr.

Fasteignaskattur (ekki þjónustugjöld) í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega í Hrunamannahreppi sem þeir nýta sjálfir, skal lækkaður samkvæmt heimild í 4. mgr. 5. gr. langa nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2.gr.

- a) ellilífeyrisþegi skal ná 67 ára aldri á því ári sem álagning á sér stað. Ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða, skulu bæði hjón eða sambýlisfólk, ná 67 ára aldri á því ári sem álagning á sér stað.
- b) hafi verið úrskurðaður 75% öryrki fyrir 2020.
- Afslátturinn nær einungis til þeirra íbúa sem viðkomandi sannanlega býr í og er skráður til lögheimilis í húsinu eða íbúðinni.

3.gr.

Lækkun miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur 2020 eins og þær eru skv. skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

a. ef um einstakling er að ræða:

- með brúttótekjur undir 4.730.000 kr. getur niðurfelling orðið 50%
- með brúttótekjur milli 4.730.001– 5.280.000 kr. getur niðurfellingin orðið 25%

b. ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða:

- með brúttótekjur undir 6.930.000 kr. getur niðurfelling orðið 50%
- með brúttótekjur milli 6.930.001- 7.700.000. getur niðurfelling orðið 25%

Viðmiðunartekjur eru heildartekjur umsækjanda og eru framreiknaðar á ári hverju skv. vísitölu neysliverðs, þ.e. tekjur sem mynda álagningastofn tekjuskatts- útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru næsta ári á undan álagningarári.

4.gr.

Við fráfall maka/sambýlismanns tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega er eftirlifandi maka eða sambýlismanni með tekjur allt að 5.280.000 kr. á ári heimilt að sækja um sérstakan afslátt af fasteignaskatti af húsnæði sem hann býr í. Tekjuviðmið eru þau sömu og í 2.gr. um tekjuviðmið.

5.gr.

Örorkulífeyrisþegar fá afslátt skv. 3.gr. gegn framvísun á örorkuskírteini.

Flúðum 5. nóvember 2020.

f.h. sveitarstjórnar Hrunamannahrepps,

Jón G. Valgeirsson
sveitarstjóri